

# MÓTTEKIÐ

17. jan. 2023

Norðurþing

Norðurþing  
Ketilsbraut  
640 Húsavík

12. janúar 2023

**Efni:** Umsögn vegna kynningar á breytingum á deiliskipulagi Norðurhafnar  
Auglýst í Skránni fimmtudaginn 8 des. 2022.

Kafli: 1

Tilurð breytingatillagna eru, þó það komi ekki nægjanlega skýrt fram í auglýsingu í Skránni 8 des, er að sníða lóðina að þörfum Íslandsþara eins og sjá má á meðfylgjandi slóðum.

- o <https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefid-efni/fundargerdir/skipulags-og-framkvaemdarad/1619>
- o <https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefid-efni/fundargerdir/stjorn-hafnasjods-nordurthings/1693>
- o <https://www.nordurthing.is/is/moya/news/nordurthing-og-islandsthari-bjoda-til-ibuafundar-a-husavik>

Um er að ræða verksmiðju sem áætlað vinnsla á 40.000.- tonnum af þara á ári en byggir þó aðeins á tímabundnu rannsóknarleyfi en ekki atvinnuleyfi. Og nær húsnæðið mest 11m hæð og telur um 4000 til 6000 fermetra.

„Í 24. Gr. Laga um brunavarnir er fjallað um þau mannvirki sem af stafar sérstök eða hætta á mengun frá mannvirki eða lóð þess. Þessi grein tekur bæði til nýbyggðra mannvirkja og mannvirkja sem tekin hafa verið í notkun. Í greininni kemur fram að skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki og eða lóð þegar um er að ræða nýtt mannvirki þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignartjóni í eldsvoða. Í tilvikum sem þessum skal brunahönnun lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.“

Þá er í þessu samhengi einnig rétt að benda á kafla/grein 9.2.4. byggingarreglugerðar.

Kafli: 2

Eins og fram kemur í umsögn HMS, við erindi Gríms Kárasonar slökkviliðsstjóra Norðurþings, er varðar geymslu og meðhöndlun hættulegra efna „Varðandi geymslu og meðhöndlun hættulegra efna samkvæmt alþjóðlegri flokkun Hazardous materials/dangerous goods teljast þau efni sem upp eru talin í vinnuskjali slökkviliðsstjóra sem hættuleg. Hættuleg efni eru m.a. skilgreind í evrópsku CLP-reglugerðinni þar sem tilgreindar eru þær hættur sem af þeim geta stafað. Sé miðað við birgðir til framleiðslu séu að lágmarki til tveggja vikna en að hámarki fjögurra vikna og hámarks magn þar af leiðandi 30-60 tonn af hættulegum efnum í geymslu á hverjum tímapunkti. Viðbrögð við lekum á hættulegum efnum er staðlað ferli hjá viðbragðsaðilum við efna vá.

Rýmingar radíus vegna leka á hættulegum efnum getur verið allt frá 50m og upp í 1,5km frá upphafsstað en það fer eftir aðstæðum og umfangi leka. Þegar áætlað er að geyma allt að 40 tonn af efnum á hverjum tímapunkti er nauðsynlegt að gerðar séu ráðstafanir til að lágmarka líkur á hættuástandi. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að geymslustaður áður nefndra efna sé ekki nálægur samfélagslega mikilvægum mannvirkjum, þar sem starfsemi viðbrags vegna áfalla í samfélaginu er nauðsynleg s.s. sjúkrahús, lögreglustöðvar, slökkvistöðvar og annað sambærilegt. Einnig þarf að huga að ríkjandi vindáttum vegna möguleika á dreifingu eitraðra gastegunda sem myndast geta við hættuástand.

Æskilegt er að staðsetning efnageymslu af þessu tagi valdi ekki aukinni hættu fyrir almenning í þegar byggðu umhverfi“

Sjá áætlaðar magntölur: <https://www.skipulag.is/media/attachments/Islandsthari-greinargerð.pdf>

#### Kafla: 3

Einnig kemur fram í umsögn HMS að „ávallt skal vinna áhættumat fyrir mannvirki og starfsemi á lóðum sem talin eru sérstaklega varasöm m.t.t. eld-eða sprengihættu, eru samfélagslega mikilvæg, geta skapað almannahættu, geta haft mikil áhrif á mögulega landnotkun eða valdið alvarlegum umhverfisspjöllum við bruna, sbr. 9.2.4 gr. Byggingarreglugerðarinnar.“

Þá segir í umsögn HMS að „Ljóst er að áður en starfsemi sem felur í sér geymslu og notkun á miklu magni af hættulegum efnum er valin staðsetning er nauðsynlegt að framkvæmt sé áhættumat. Framkvæma þarf áhættumat samkvæmt viðurkenndum aðferðum og út frá niðurstöðum er hægt að ákvarða nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, s.s. fjarlægðir frá óskyldum mannvirkjum, búnaður til að lágmarka afleiðingar atviks o.fl. Þegar dregnar eru saman niðurstöður áhættumats og aðrir takmarkandi þættir starfsemi í eina heild er hægt að ákvarða um staðarval sem lögbundnar kröfur. Ef við gerð áhættumats koma fram óásættanlegar áhættur sem ekki er hægt að minnka með mótvægisáðgerðum er ljóst að ekki er hægt að staðsetja starfsemina á þeim stað. Er þá nauðsynlegt að finna ætlaðri starfsemi nýjan stað, minnka áhættuna með markverðum hætti svo hægt sé að endurmeta stöðuna.“

#### Kafla: 4

Þessi breyting á deiliskipulagi sem augljóslega er alfarið miðuð að þörfum Íslandsþara (sjá kafla 1) og er í mjög mikilli nálægð við íbúabyggð svo nemur innan við 200m í næstu íbúðarhús og kallar því á sérstaka nærgætni við íbúa og skal skoðast í samræmi við kafla 1,2 og 3 hér að framan með tilliti til m.a. eiturefnanotkunar, rýmingarradíus, aukinnar umferðar, hljóðmengun sem og mögulegra áhrifa á lífsgæði íbúa og fasteignaverð nærliggjandi íbúabyggðar.

#### Kafla: 5

Frekari uppbygging iðnaðar á Bakka

Ljóst er að þegar boðuð áframhaldandi uppbygging á iðnaðarsvæðinu á Bakka hvort heldur sem er fyrirhuguð stækkun PCC, uppbygging grænna iðngarða eða önnur áform um frekari uppbyggingu eru mjög háð athafnasvæði hafnarinnar og þá einkum norðurhafnarinnar sem nú

þegar er að verða þröngt um. Svo ljóst má vera að frekari skerðingar athafnasvæði Norðurhafnar getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á þróun iðnaðarsvæðisins á Bakka, sem er skilgreint í skipulagi sem iðnaðarsvæði. Sameining lóða 7 og 9 að Norðurgarði er því ekki aðeins málefni hafnarinnar og nærliggjandi fyrirtækja og íbúabygðar heldur einnig mögulega mjög veigamikill þáttur í þróunarmöguleikum og uppbyggingu Bakkasvæðisins.

Kaflí: 6

Áhrif 40.000.- tonna stóriðju á ferðaþjónustu. Í næsta nágreni fyrirhugaðrar stóriðju eru rekin framsækin fyrirtæki í ferðaþjónustu sem sum hver teljast til burðarása í samfélagi Norðurþings. Nægir þar að nefna öfluga hvalaskoðun, veitingahús, komu skemmtiferðaskipa og hótél svo fátt eitt sé nefnt. Áhrif tilkomu 40.000.- tonna þaravinnslu mitt í þessum suðupunkti ferðamannamóttöku liggja einfaldlega ekki fyrir.

Kaflí: 7

Stjórnslan:

Í ljósi þess sem að framan er rakið í köflum 1,2,3,4,5 og 6 má færa fyrir því góð rök að málið sé ekki nægjanlega vel undirbúið og að upplýsingar skorti fyrir hinn almenna íbúa og lögaðila til að veita kjörnum fulltrúum eðlilegt aðhald í eins gríðarlega veigamiklu máli eins og umrædd breytingartillaga að deiliskipulaginu felur í sér hvort heldur er fyrir athafnasvæði hafnarinnar, framtíðarmöguleikum á uppbyggingu iðnaðarsvæðisins að Bakka, þeirra fyrirtækja sem byggja afkomu sína á nærliggjandi svæði, samfélagslegra mikilvægra innviða s.s. slökkvistöð eða þeirra íbúa sem búa innan mögulegs rýmingarsvæðis og eða áhrifa á fasteignaverð nærliggjandi byggða.

Að lokum skal því komið á framfæri við sveitarstjórn Norðurþings að sú umsögn HMS sem er í þessari yfirferð ítrekað vitnað til er til komin vegna beiðni slökkviliðstjóra Norðurþings um mat á greinargerð sem hann skilaði inn til sveitarfélagsins. Og að einnig er til umsögn að beiðni sama aðila frá forvarnarsviði Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins. En hvorki greinargerð Slökkviliðs NP né greinargerð forvarnarsviðs slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins hafa verið gerðar íbúum aðgengilegar. Jafnvel þó það kunni að teljast mikilvæg gögn til að íbúar geti sent inn betur upplýsta umsögn um fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Norðurgarðs 7 og 9.

Þetta telur undirritaður á mælisverða og óvandaða stjórnslu og mótmælir því harðlega tillögu að breyttu deiliskipulagi á Norðurgarði.

Að gefnu tilefni og í ljósi upplýsingalaga áréttar undirritaður að hann lítur svo á að umsögn þessi sé opinbert gagn um leið og það hefur verið mótttekið af hálfu Norðurþings.

Nafn: *Jacobína Kristjánsdóttir*  
Kt: *160556-3829*  
Heimili: *Höfðavegi 20 640 Hálsavík*